

REGLUR

um upplýsingagjöf og samstarf eftirlitsstjórnvalda á grundvelli laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um nánari framkvæmd laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga hvað varðar:

- a. Samstarf og upplýsingagjöf milli eftirlitsstjórnvalda, skv. 133.-140. gr. laganna.
- b. Samráðsferli milli eftirlitsstjórnvalda vegna tilkynninga um virka eignarhluti, skv. 12. gr. laganna.

2. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20. frá 24. mars 2022, bls. 4-8, 69-81 og 92-125, með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 88 frá 31. október 2019 bls. 7-19, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/586 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda í tengslum við samstarf við eftirlit, sannprófanir á staðnum og rannsóknir.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/980 frá 7. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarf við eftirlitsstarfsemi, sannprófanir á staðnum, rannsóknir og upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/988 frá 6. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarfsfyrirkomulag að því er snertir viðskiptavettvang með starfsemi í gístiaðildarríki sem er verulega mikilvæg.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1111 frá 22. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag og eyðublöð fyrir framlagningu upplýsinga um viðurlög og ráðstafanir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1944 frá 13. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samráðsferli milli viðkomandi lögbærra yfirvalda í tengslum við tilkynningu um fyrirhuguð kaup á virkum eignarhlut í verðbréfafyrirtæki í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB og 2014/65/ESB.

3. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 7. mgr. 12. gr., 10. mgr. 133. gr., 6. mgr. 134. gr., 3. mgr. 136. gr. og 4. mgr. 137. gr., laga nr. 115/2021 um markaði með fjármálagerninga, taka gildi þegar í stað.

Seðlabanka Íslands, 11. júlí 2022.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 14. júlí 2022